

Nd.

485. Lög

um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Til dýpkunar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum veitist $\frac{1}{8}$ kostnaðar, alt að 70 þúsund krónur, úr ríkissjóði, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.